

Borgarstjórn
20. febrúar 2018

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna, Pírata og Framsóknar og flugvallarvina um áskorun til Alþingis um að tryggja fjármuni til brýnna endurbóta á Vesturlandsvegi

Borgarstjórn skorar á Alþingi að tryggja fjármuni til brýnna endurbóta á Vesturlandsvegi í þágu umferðaröryggis. Alls voru 700 milljónir króna boðaðar til verkefnisins á samgönguáætlun skömmu fyrir þingkosningar 2016 en þeir fjármunir voru jafnharðan skornir niður á fjárlögum að kosningum loknum. Sömu sögu er að segja af fjárlögum ársins í ár. Reykjavíkurborg hefur unnið að útfærslu framkvæmdanna ásamt Vegagerðinni og deiliskipulag vegna verkefnisins er tilbúið til auglýsingar. Ekkert ætti því að vera að vanbúnaði að fjármagna hana og koma til framkvæmda.